

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn mánudaginn 25. apríl 2005 kl. 20 í Norræna húsinu. Efni fundarins er sem hér segir:

Erindi: "Jöklabreytingar", Oddur Sigurðsson

Myndasýning: "Myndir frá Liverpool landi", Hallgrímur Magnússon

VORFUNDUR

Vorfundur Jökklarannsóknafélags Íslands verður mánudaginn 25. apríl 2005 kl. 20 í Norræna húsinu. Á fundinum mun Oddur Sigurðsson flytja erindið:

“Breytingar jökla samkvæmt mælingum Jökklarannsóknafélagsins”.

Jöklamælingastarfi, sem Jón Eyþórsson hóf árið 1930, hefur verið haldið áfram til þessa dags á vegum Jökklarannsóknafélags Íslands. Þau gögn sem safnast hafa eru einn mikilvægasti grunnur upplýsinga sem við höfum til að byggja á þekkingu okkar um jökla landsins. Án þessa fróðleiks værum við allmiklu fjær að skilja eðli jöklanna.

Jöklar gefa mjög góða og nákvæma vísbendingu um loftslagsbreytingar þar sem þar safnast saman afleiðingar veðurbreytinga á stóru svæði. Síðan birtast þær við sporð jökulsins eins og niðurstöðutölur efnahagsreiknings. Til þess að fylgjast með stöðunni þarf ekki önnur áhöld en málband og fastan punkt hæfilega langt fyrir framan jökuljaðarinn. Þetta er einfalt og gefur skýrar niðurstöður.

Á 20. öld hafa veðrabreytingar verið á stundum mjög skarpar og tekur það af öll tvímæli um við hvaða veðurlagi jöklarnir eru að bregðast hverju sinni. Annar fjóðrungur 20. aldar er einn sá hlýjasti sem vitað er um í Íslandssögunni. Hafísárin á 7. áratugnum og kuldatíminn þar á eftir gaf skörp viðbrögð jöklanna. Síðastliðinn áratug hafa jöklarnir mjög farið hálloka einkum síðust 3 ár en jafnhlý þrjú ár saman eru ekki þekkt síðan samfelldar veðurmælingar hófust á fyrri hluta 19. aldar.

Í erindinu verður greint frá afhroði jöklanna að undanfögnu og sýnt hvernig mismunandi gerðir jökla bregðast misjafnlega við þegar breytingar verða á loftslagi.

Að loknu erindi Odds sýnir Hallgrímur Magnússon myndir og segir frá fjalla- og þelamerkurskiðaferð um skriðjökla og jökulsker Liverpoollands á austanverðu Grænlandi

AÐALFUNDUR 2005

Þann 22. febrúar síðastliðinn var aðalfundur JÖRFÍ haldinn í Norræna Húsinu. Fundarstjóri var kosinn Oddur Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnarson fundarritari. Flutt var skýrsla formanns og endurskoðaðir reikningar samþykktir. Steinunn Jakobsdóttir hafði ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var Þóra Karlsdóttir kosin í hennar stað. Voru Steinunni þökkuð vel unnin störf. Þá var minnst tveggja heiðursfélaga sem létust 2004, þeirra Gunnars Guðmundssonar og Þórarins Björnssonar. Á fundinum var Jón E. Ísdal kosinn í valnefnd. Fundinn sóttu rúmlega 40 manns. Að loknum aðalfundarstörfum sögðu Sverrir Óskar Elefsen, Bergur Sigfússon og Magnús Tumi Guðmundsson frá ýmsu um Grímsvatnahlaupið og gosið í nóvember síðastliðnum.

Á fyrsta stjórnarfundum skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var síðan staðfest á stjórnarfundum 4. apríl:

Stjórn JÖRFÍ 2005:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Þóra Karlsdóttir, gjaldkeri
Halldór Gíslason, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi

Varastjórn: Sverrir Óskar Elefsen, Vilhjálmur S. Kjartansson, Hannes Haraldsson og Bryndís Brandsdóttir.

Nefndir JÖRFÍ:

Rannsóknarnefnd: Magnús Tumi Guðmundsson, formaður, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn S. Jakobsdóttir, Sverrir Óskar Elefsen og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd: Árni Páll Árnason, formaður, Garðar Briem, Halldór Gíslason yngri, Magnús Þór Karlsson, Sigurður Vignisson og Hallgrímur Þorvaldsson.

Skálanefnd: Sverrir Hilmarsson, formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Leifur Þorvaldsson, Stefán Bjarnason og Vilhjálmur S. Kjartansson.

Ferðanefnd: Sjöfn Sigsteinsdóttir, formaður, Árni Páll Árnason, Hannes Haraldsson, Magnús Tumi Guðmundsson.

Ritstjórn Jökuls: Bryndís Brandsdóttir og Áslaug Geirsdóttir.

Ritnefnd Jökuls: Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen Luise Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Leó Kristjánsson, Christopher J. Caseldine, Fiona Tweed, Gifford Miller, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og Willam H. Menke.

Formaður **árshátíðarnefndar:** Jóna Bryndís Guðbrandsdóttir.

Valnefnd: Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Sveinbjörn Björnsson.

AKSTUR Á ÖRÆFAJÖKLI

Síðastliðið haust var Skaftafellspjódgarður stækkaður og tekur hann nú yfir allan suðurhluta Vatnajökuls. Í reglugerðinni eru hömlur á akstur á vorin og sumrin á Öræfajökli og Skeiðarárjökli. Mistök voru gerð við afmörkun bannsvæðisins í upphaflegri reglugerð en það hefur nú verið leiðrétt. Í reglugerðinni segir nú að akstur á Hvannadalshnúk sé bannaður allt árið en akstur sunnan Snæbreiðar er bannaður 15. apríl til 15. september og miðast bannið við að ekki sé farið sunnar en 64°01' N. Þessi staður er í skarðinu milli Snæbreiðar og Hvannadalshnúks, strax þegar komið er niður af Snæbreið. Þaðan er stórkostleg gönguleið upp á Hvannadalshnúk að norðan, álíka löng og sú leið sem oftast er farin sunnan frá. Einnig er hægt að ganga á um 15 mínútum undir Hvannadalshnúk að leið göngumanna úr suðri.

Félagsmenn eru hvattir til að fara eftir þessum reglum. Þær eru settar til að forðast árekstra milli göngufólks og akandi ferðamanna. Sú niðurstaða sem nú hefur fengist er í samræmi við samkomulag frá síðasta hausti sem öll útivistarfélög í SAMÚT áttu aðild að, þar á meðal JÖRFÍ. Hægt er að nálgast reglugerðina á vefsíðu Umhverfisstofnunar:

http://www.ust.is/media/fraedsluefni/reglug_um_skaftafellstjodgard_281004.pdf

Magnús Tumi Guðmundsson

SUMARFERÐ UM BORGARFJÖRD OG Á EIRÍKSJÖKUL

Að venju verður lagt í sumarferð Jöklarannsóknafélagsins síðustu helgina í júnímánuði, dagana 25. til 26. júní. Förlinn er að þessu sinni heitið um innsveitir Borgarfjarðar að Eiríksjökli og verður Þorsteinn Þorsteinsson jöklafræðingur frá Úlfsstöðum í Hálsasveit fararstjóri.

Lagt verður af stað frá Reykjavík að morgni laugardagsins 25. júní og ekið um Borgarfjörð með viðkomu í Reykholti, að Hraunfossunum, á Húsafelli og við Surtshelli. Þaðan liggur leiðin inn í Torfabæli, sem er falleg gróðurvin vestan Eiríksjökuls og verður þar slegið tjöldum. Freistað verður uppgöngu þá um kvöldið og má gera ráð fyrir að jökulgangi taki alls 7-8 klst. Af jöklinum er fagurt útsýni um vestanvert landið og í skini miðnætursólar slær gullnum glampa á vötn og tjarnir á Arnarvatnsheiði. Eiríksjökull er merkilegt fjall, sennilega stærsti móbergsstapi á jörðinni og lét rithöfundurinn Jón Trausti þess eitt sinn getið í ritgerð að sér væri ekki kunnugt um neitt fjall hér á landi, sem menn hefðu meiri mætur á, enda er glæsileiki jökulsins einstakur.

Þátttakendur hittast á eigin jeppum við Select-bensínstöðina á Höfða kl. 8 að morgni 25. júní. Þeim sem ekki eiga torfærubifreið er bent á að spyrjast fyrir um möguleika á að fá far með öðrum.

Þátttaka tilkynnist Þorsteini í tölvupósti (thor@os.is) eða símleiðis (696 2189).

Þorsteinn Þorsteinsson

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen